

**Ed.**

**114. Breytingartillögur**

[48. mál]

við frv. til laga um efnahagsmál.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar (KK).

1. Við 8. gr. Aftan við 3. málgr. bætist:  
Einnig getur ríkisstjórnin ákveðið, að útflutningssjóður greiði vinnslustöðvum sérstakar bætur á smáfisk, á tiltekna fisktegundir og á fisk veiddan á vissum tímum árs. Bætur þessar skal miða við ákveðna upphæð á hvert kg af fiski, sem vinnslustöð tekur á móti.
2. Við 16. gr. Á eftir 1. málsl. 1. málgr. komi:  
Gjaldið má þó ekki vera hærra en 60% af leigubifreiðum og læknabifreiðum. Landbúnaðarbifreiðar (jeppar) og vörubifreiðar skulu alveg undanþegnar þessu gjaldi.
3. Við 17. gr. Í stað 2. málsl. 1. málgr. komi:  
Skal gjald þetta nema kr. 1.16 af hverjum lítra. Þar af skulu 17 aurar renna í brúasjóð, 22 aurar í sjóð, er varið sé til að gera akfæra þjóðvegi milli byggðarlaga, 7 aurar til endurbyggingar gamalla þjóðvega, 3 aurar til endurbyggingar gamalla brúa og 10 aurar til að gera þjóðvegi úr steinsteypu.
4. Við 23. gr. Greinin orðist svo:  
Ríkisstjórnin vinni að því að koma á samkomulagi milli launþega og framleiðenda um stöðvun vixlhækkana á milli kaupgjalds og verðlags.